

## **Birtingarþjónusta innanlands**

Pósturinn býður upp á birtingarþjónustu á stefnum, greiðsluáskorunum og boðunum skv. lögum og reglugerðum.

## **Stærðarmörk**

Birtingar lúta ekki stærðarmörkum öðrum en þeim að þeim þarf að vera hægt að koma fyrir í A4 umslagi.

## **Þyngdarflokkar**

Það er engin skipting í þyngdarflokka. Greitt er fyrir hverja birtingu sérstaklega óháð stærð og þyngd.

## **Innihald**

Birtingar mega einungis innihalda skjöl.

## **Þjónustu- og gæðastaðlar**

Æskilegt er að Pósturinn hafi fimm virka daga til birtingar. Að jafnaði eru gerðar þrjár tilraunir til að hafa upp á hinum stefnda en ef það tekst ekki eru gögnin send aftur til stefnanda.

## **Afhending**

Birting fer ávallt fram á milli klukkan 8:00 og 22:00 virka daga en tilgreint er á birtingarvottorði hvaða dagur er síðasti birtingardagur ef um stefnu er að ræða. Afhending er reynd þrisvar sinnum.

## **Hvar má birta:**

Afhenda má birtingarvottorð á lögheimili stefnda, föstum búsetustað hans, vinnustað eða hvar sem hann má finna. Sendandi ákveður hvar skuli birta fyrir stefnda.

## **Hverjum má birta:**

### Birting á lögheimili

Reynt er að afhenda stefnda sjálfum á lögheimili hans en annars hverjum þeim sem staddur er á lögheimili stefnda og náð hefur 15 ára aldri.

### Birting á föstum búsetustað eða dvalarstað

Á föstum dvalarstað, ef annað en lögheimili, þarf að birta stefnda sjálfum.

### Birting á vinnustað

Afhenda á birtingarvottorðið stefnda sjálfum en ef hann er ekki á staðnum þá má birta fyrir vinnuveitanda, nánasta yfirmanni eða samverkamanni. Viðtakandi getur neitað að kvitta fyrir móttöku og er það þá skráð á birtingarvottorðið en bréfið eftir sem áður skilið eftir í höndum hans. Ef viðtakandi er ekki sá hinn sami og stefndi er það borgaraleg skylda hans að koma bréfinu til hins stefnda. Pósturinn sendir svo stefnanda birtingarvottorðið til baka þegar birtingu er lokið eða hún að fullu reynd.

## **Geymslugjald**

Geymslugjald reiknast eftir 10 virka daga frá komudegi sendingar.

### **Burðargjald og póstlagningarmáti**

Sendandi getur komið með birtingarvottorð ásamt meðfylgjandi gögnum á pósthús eða afhent gögnin fyrirtækjaþjónustu Póstsins. Stefnur þurfa að vera í tvíriti og er frumritið sent aftur til stefnanda að birtingu lokinni. Ekki má setja birtingar í póstkassa.

### **Afslættir**

Ekki eru veittir afslættir af birtingarþjónustu.

### **Áritun og merkingar**

Sendandi þarf að fylla út eftirfarandi upplýsingar á birtingarvottorði: hvers konar birtingu er um að ræða, síðasta birtingardag ef um stefnu er að ræða, nafn og heimilisfang viðtakanda eða fyrirsvarsmann lögaðila, einnig tilgreina hvort heimilisfang sé lögheimili, fastur búsetustaður, vinnustaður, dvalarstaður eða annað.

### **Skaðabætur**

Skaðabætur eru ekki greiddar þó svo birting mistakist en ef gögn glatast eða skemmast í meðförum Póstsins gilda sömu skaðabætur og fyrir rekjanlegt bréf.

### **Viðbótarþjónusta**

Engin viðbótarþjónusta er með birtingum.